

## **Foreldraráð Leikskóli Seltjarnarnes**

### **Fundur með bæjarstjóra.**

**Fundargerð, miðvikudagur 25.febrúar 2015 kl 08:20**

Mættir voru Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarness, Sigrún Edda Jónsdóttir formaður skólanefndar, Baldur Pálsson fræðslustjóri, Svana Davíðsdóttir, Saga Ómarsdóttir (foreldraráði), Sonja Bermann og Raket Viðarsdóttir (foreldrafélagi).

Farið var sameiginlega yfir bréf sem afhent var bæjarstjóra á fundinum.

### **Leikskóli Seltjarnarness - Holtið**

Mikil almenn ánægja með að búið sé að opna leiksvæði við deildina. Foreldraráð ítrekar þó athugasemdir sem komið hafa fram varðandi nálægð vöfundarhúss við sandkassa.

### **Niðurstöður könnunar á meðal foreldra**

Könnun sem gerð var meðal foreldra barna leiksskólans kynnt. Svarhlutfall var 50%, spurning hvort almennt hafi einungis annað foreldrið svarað könnun. Ekki talin ástæða til að breyta opnunartíma leiksskólans miðað við niðurstöður könnunarinnar. Þó nokkrar ábendingar komu fram varðandi sumarlokun leiksskólans og margir stungu upp á því fyrirkomulagi sem var við lýði þegar leikskólinn var lokaður í 2 vikur og foreldrum var svo frjálst að velja 2 vikur fyrir framan og aftan.

Foreldraráð leggur til að gerð verði kostnaðarmat og kannað hvort þetta sé eitthvað sem hægt sé að bjóða upp á fyrir sumarið 2016.

Mjög margar athugasemdir komu fram þar sem foreldrar hrósuðu starfsfólki skólans. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar starfsfólki á starfsdegi þeirra 20. febrúar s.l.

### **Hljóðvist og viðhaldsframkvæmdir á Sólbrekku**

Mælingar voru gerðar á síðasta ári á hljóðvist í LS og komu fram athugasemdir á mælingum í sal Mánabrekku og miðrymi á Holti. Farið var í aðgerðir og óskar foreldraráð og foreldrafélag eftir því að ný mæling verði framkvæmd til að kanna úrbætur.

Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvernig viðhaldsframkvæmdum við Sólbrekku miðar miðað við ástandskönnun sem framkvæmd var í október 2013.

### **Framtíðarstefna í húsnæðismálum og varðandi leikskólalóðir og leiktæki**

Óskað var eftir upplýsingum varðandi tillögur skólanefndar um framtíðarstefnu í húsnæðismálum.

Engar heildarbreytingar á döfinni næstu 5 árin.

Foreldraráð þakkar fyrir jákvætt frumkvæði af hálfu bæjarins, meðal annars með fræðslufundi sem og að hafa frítt í sund á skipulagsdegi í febrúar.

Fundi slitið 08:55.